

Drög að fræðslustefnu á Byggðasafni Árnesinga:

Við gerð fræðslustefnu skal haft í huga að safneign safna er varðveitt í þágu samfélagsins og til framþróunar þess. Safnastarf er grundvöllur þekkingar og rannsókna hvers konar. Það er hlutverk safna í nútímanum að auka virðingu og skilning, og vera í nánú samstarfi við samfélagið sér í lagi sitt nærsamfélag. Byggðasafn Árnesinga vill fylgja þessum skyldum sínum eftir með því að vera í frjóu samstarfi við leik-, grunn- og framhaldsskóla svæðisins (Árnesþings). Forsenda þess er nán samvinna við kennara og skólayfirvöld um fræðslu tengda Byggðasafni Árnesinga. Fræðsla safnsins skal taka mið af námskrá hvers skólastigs fyrir sig og vera öflugt innlegg inn í námið. Leitast er við að fylgjast með námsefni og áherslum í hverjum skóla og á hverju skólastigi. Þau verkefni sem mæta nemendum á safninu eiga sannarlega að vera hluti af þeirra námi. Það er eðli fræðslustarfs á söfnum að umhverfi og gripir bjóða upp á nálgun sem hvergi annars staðar er í boði. Kenningar farsældamenntunar skulu vera vörður í verkefnum safnsins fyrir skóla og ávallt leitast við að heimsóknin hrífi, vekir undrun, virki ástríðu og áhuga á þann hátt að heimsóknin byggi upp/bæti við skapgerðarstyrkleika hvers og eins. Sýningar á safneign, návígi við fortíðina, hvers konar miðlun í umhverfi safnsins er frjó viðbót við nálgunina í hinu formlega námi. Við gerð fræðsluefnis skal jafnréttissjónarmið vera haft að leiðarljósi sem og fjölbreytileiki samfélagsins.

Útfærsla:

Vel útfærð móttaka skólahópa þar sem efnistösk heimsóknar kallast á við námsefni nemendahópsins og nýtist til að undirbyggja það sem verið er að vinna með og mögulega í úrvinnslu eftir heimsókn á safn. Heimsóknin hefur verið undirbúin og skipulögð með fagfólki úr skólum.

Boðið upp á vinnusmiðjur ýmiss konar og annan vettvang fyrir skapandi starf á safnasvæðinu. Leiklist, söngur, tónlist, myndmennt, smíði, textíll.

Boðið upp á smástundasöfn og smiðjur í skólana sérsniðnar ákveðnum viðfangsefnum.

Hér hefur aðeins verið fjallað um formlegt nám en ekkert um þekkingarleit einstaklinga eða hópa. (Byggðasafn Árnesinga, 2023).